

Pensions at a Glance: Public Policies across OECD Countries 2005 Edition

Summary in Icelandic

Eftirlaun í OECD við fyrstu sýn: Opinber stefna í OECD ríkjunum – útgáfa 2005

Útdráttur á íslensku

Á undanförunum árum hefur alda endurbóta á eftirlaunum riðið yfir OECD ríkin. Að baki þessum breytingum liggja fyrst og fremst áhyggjur af fjárhagslegri sjálfbærni eftirlaunakerfanna í samhengi við öldrun íbúanna. Ítarleg skoðun á eftirlaunakerfunum leiðir í ljós flókna samsetningu og reglur sem gerir erfitt um vik að bera saman fyrirkomulag eftirlaunatekna. Engu að síður veitir það þeim sem marka stefnuna verðmætar upplýsingar að deila upplýsingum um endurbætur eftirlauna og áhrif þeirra.

Skýrslan sýnir hversu hárra eftirlauna þeir sem eru núna að koma út í atvinnulífið geta vænst þegar þeir hætta störfum. Þessi greining svarar mörgum spurningum um stefnumál. Verja eftirlaunatekjukerfin gegn fátækt? Eru þau fjárhagslega sjálfbær? Hvernig hlúa þau að fólki sem hefur lágur tekjur eða hefur verið tímabundið atvinnulaust? Skýrslan er sú fyrsta í röð sem munu koma út á tveggja ára fresti. Framtíðarútgáfur munu einnig meta áhrif endurbóta á eftirlaunum.

Þessi skýrsla sýnir í hvaða átt eftirlaunakerfi stefna. Samanburður milli landa leiðir í ljós fjölbreytni í ráðstöfun eftirlauna í OECD ríkjunum. Greiningin sem kynnt er í þessari skýrslu nær yfir öll lögboðin eftirlaunaáform – ekki aðeins opinber eftirlaunakerfi, heldur einnig öll skyldubundin eftirlaun einkageirans. Hún rannsakar einnig öryggisnet fyrir eldri borgara, og tekur mið af mismunandi sköttum, bæði á milli ríkja og milli verkamanna og eftirlaunaþega. Sem slík, gefur þessi skýrsla fullkomna mynd af yfirfærslunni milli, og innan, kynslóða, og þar af leiðandi af félagslegri hæfni eftirlaunakerfa. Eftirlaunaáætlanir hafa tvö meginmarkmið. Það fyrra er endurúthlutun tekna til eftirlaunaþega með lágur tekjur, og vörn gegn örbiðgð á efri árum. Hið seinna er að hjálpa verkamönnum til að viðhalda líf skjörum eftir starfslok með því að koma í stað vinnutekna á fullnægjandi hátt. Flest ríki reyna að fylgja báðum markmiðum í

heildareftirlaunastefnu sinni, en það eru mikil frávik frá áherslujafnvæginu milli markmiðanna sjálfra.

Þessi skýrsla sýnir að verkamenn með meðaltekjur í OECD ríkjunum geta búist við að verðgildi eftirlauna þeirra eftir skatta verði rétt undir 70% af tekjum þeirra eftir skatta. Ríkin með lægsta *nettó-staðgengdarhlutfall* eru Írland og Nýja Sjáland, sem eru bara með grunn-eftirlaunaáform og undir 40% nettó-staðgengdarhlutfall. Bretland og Bandaríkin eru með lítilla hærra nettó-staðgengdarhlutfall, eða í kringum 50%.

Láglauna-verkamenn í OECD ríkjunum, með helming meðaltekna, munu hljóta nettó-staðgengdarhlutfall að meðaltali um 85%. En eftirlaun fátækra verkamanna eru mjög lág í sumum ríkjum. Í Þýskalandi, Mexíkó, Slóvakíu og Bandaríkjunum er verðgildi öryggisnetseftirlauna verkamanna eftir fullan starfsferil minna en fjórðungur af meðaltekjum atvinnulífsins í heild.

Sum ríki hafa stefnt að því að *tengja nánar framlög og bætur*. Á Ítalíu, í Póllandi og Ungverjalandi, svo nefnd séu dæmi, hefur endurúthlutunarþáttum eftirlaunakerfa nánast því verið útrýmt. Ef eftirlaunakerfið endurúthlutar ekki til þeirra fátækari, munu tekjutengdar öryggisnetsráðstafanir almennt gegna meira áberandi hlutverki í tekjum eftir starfslok.

Öll OECD ríkin hafa einhverskonar *öryggisnet* fyrir eldri borgara. Venjulega eru þetta tekjutengingarkerfi. Verðgildi meðaltals lágmarkseftirlaunabóta fyrir verkamenn eftir fullan starfsferil í OECD ríkjunum er rétt undir 29% af meðaltekjum.

Þessi skýrsla leiðir í ljós að persónulegt *skattkerfi* gegnir mikilvægu hlutverki í stuðningi við aldraða. Eftirlaunaþegar greiða oft ekki framlög til almannatrygginga, og þar sem persónulegur tekjuskattur er áframhaldandi, er meðalskatthlutfall af eftirlaunatekjum gjarnan lægra en skatthlutfall atvinnutekna. Til viðbótar hygla flest tekjuskattskerfi annað hvort eftirlaunatekjum eða eftirlaunaþegum, með því að veita eldra fólki viðbótarafslátt eða ívilnanir.

Nettó-staðgengdarhlutfall meðaltekna er 22% hærra en brúttó-staðgengdarhlutfall (meðaltal í OECD). Samt sem áður eru áhrif skatta og framlaga á lágtekjufólk mun dempaðri en á meðaltalið vegna þess að þeir fyrrnefndu greiða lægri skatta og framlög en verkamenn með hærri tekjur. Mismunurinn milli brúttó- og nettó-staðgengdarhlutfalls lágtekjufólks er 17% að meðaltali.

Flest ríki taka ívilnanir af ríkari eftirlaunaþegum. Þýskaland og Bandaríkin eru samt sem áður tvær undantekningar. Þau veita skattaívilnanir yfir allt skattasviðið (þó að þetta sé að breytast í Þýskalandi).

Lagfæring á greiðslu eftirlauna til að endurspegla breytingar á kostnaði eða lífskjörum – „*vísitölubinding*“ – hefur lengi verið miðpunktur deilna um fjárhagslega sjálfbærni eftirlaunakerfa. Næstum öll OECD ríki tengja nú eftirlaun við neysluvöruverð. Samt sem áður lagfæra sum ríki enn eftirlaun að meðaltekjum, sem getur kostað meira er 20% meira en ef eftirlaun væru vísitölubundin verði.

Tengt atriði er „*gildistenging*“ (*valorisation*): lagfæring fyrri tekna sem ástæðu fyrir breytingum á lífskjörum frá þeim tíma þegar réttur til eftirlauna er áunninn og þegar

þeirra er krafist. Þar til nú nýverið hefur gildistenging fengið mun minni athygli en vísitölubinding þrátt fyrir öflug áhrif hennar á eftirlaunabætur.

Flest OECD ríki endurmeta fyrri tekjur í samræmi við vöxt tekna í atvinnulífinu öllu. En það eru nokkrar undantekningar – Belgía, Frakkland, Kórea og Spánn – þar sem fyrri tekjur eru gildistengdar verðum. Vinnulaun vaxa venjulega hraðar en verð, svo gildistenging við verð leiðir til umtalsvert lægra staðgengdarhlutfalls en gildistenging tekna. Gildistenging við verð fyrir fulla starfsævi gæti leitt til 40% lægri eftirlauna en gildistenging við tekjur.

Eftirlaunaauðsæld – núverandi virði framtíðarstreymis eftirlaunagreiðslna – er ítarlegasta vísibendingin um eftirlaunafyrirheit. Hún tekur með í reikninginn á hvaða stigi eftirlaunin eru greidd, þann aldur þegar fólk fær rétt til að þiggja eftirlaun, lífslíkur fólks og hvernig eftirlaun eru lagfærð eftir starfslok til að endurspeglar aukningu launa eða verðs. Lúxemborg er með mestu eftirlaunaauðsæld fyrir verkamann sem hefur haft meðaltekjur, 18 sinnum meira virði en meðaltekjur hjá körlum og nærri 22 sinnum hjá konum (vegna hærri lífslíka kvenna). Þetta jafngildir 587.000 USD við starfslok, nærri þreföldu meðaltali OECD ríkjanna. Lægstu eftirlaunaauðsældina fyrir þann sem hefur haft meðaltekjur meðan hann var í vinnu er að finna á Írlandi, í Mexíkó, Nýja Sjálandi, Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem hún er innan við sexfaldar meðaltekjur. Auðvitað er framlag fólks í þessum löndum til eftirlaunakerfa lægra meðan það er í vinnu, svo það getur verið villandi að vísa til að það sé ekki eins „örlátt“ og fólk í öðrum ríkjum sem gefa fyrirheit um hærri eftirlaunaauðsæld fyrir þá sem hættir eru störfum.

Aldur til töku eftirlauna er 65 ár í flestum OECD ríkjum. Á Íslandi og í Noregi er venjulegur eftirlaunaaldur 67 ár, og verður svo einnig í Bandaríkjunum. Í Tékklandi, Frakklandi, Ungverjalandi, Kóreu, Slóvakíu og Tyrklandi er aldur til töku eftirlauna undir 65 árum. Í Frakklandi er brúttó-staðgengdarhlutfall undir OECD meðaltalinu, fyrir tekjur milli 75 og 200% af meðaltali. Eftirlaunaauðsæld er samt sem áður yfir meðaltali OECD þar sem aldur til töku eftirlauna, 60 ár, er tiltölulega lágur, og lífslíkur er tiltölulega miklar.

Áhrif mismunandi *lífslíka* á eftirlaunaauðsæld eru mjög mikil. Þó aðrir hlutir séu jafngildir, geta ríki með lágur lífslíkur – Ungverjaland, Mexíkó, Pólland, Slóvakía og Tyrkland – leyft sér að greiða fólki 10% hærri eftirlaun en ríki með meðaldánartíðni (til dæmis Þýskaland, Ítalía og Bretland). Andstæða þess er að lengri lífslíkur auka byrðar eftirlaunakerfisins. Eftirlaunaauðsældin fyrir karla er nærri 8% hærri miðað við dánartölu þeirra fimm ríkja sem lengstar hafa lífslíkurnar, en þau eru Japan, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

